

1860. árangur hafa fyrir ríkissjóðinn, að skjóta málinu til hæstaréttar.
 23. febrúar. Eptir að búið er að skrifast á um málið við málaflutningsmann stjórnarinnar í fjármálum og við innanríkis stjórnina, hefur því verið ákveðið að láta svo búið standa við dóm landsyfirréttarins.

Um leið og dómsmálastjórnin tilkynnir yður þetta, eruð þér beðnir að sjá svo um, að þeir 509 rd. 92 sk., sem að ofan eru nefndir, verði taldir með gjöldum sem ófánleg skuld í reikningunum, þar sem gjörð er grein fyrir þessu fê, og sé þá skýrskotað til bréfs þessa.

29. febrúar. 10. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um nefnd þá í Reykjavík, sem sett var til umsýðar í fjárkláðamálinu.

Sem framhald af bréfum stjórnarinnar 15. og 17. október í fyrra, látum vér yður hér með vita, að nefnd sú, sem skipuð var í seinna bréfinu til umsýðar í fjárkláðamálinu, getur fyrst um sinn haldið áfram störfum sínum, þangað til nákvæmari skýrslur eru komnar um heilbrigðisástand fjárens, ef þér álitid það nauðsynlegt. Það er og lagt á yðar vald, eptir að þér hafið borið yður saman við nefndina um það, að ákveða, hvort dýralæknarnir skuli dvelja á Íslandi lengur en þetta fjárhagsár.

Stjórnin vonar eptir skýrslu með gufuskipinu aptur, um það sem af verður ráðið í þessu efni, og um allt sem lýtur að þessu máli.

3. marz. 11. Lög um eptirlauna viðbót handa fyrrum sóknarpresti til Garða og Bessastaða og prófasti í Gullbringu og Kjósar sýslum á Íslandi, stipt-prófasti Árna Helgasyni.

Vér Friðrik hinn sjöundi, o.s. frv., Gjörum kunnugt: Lög þessi hefur ríkisþingið fallizt á og Vér staðfest með samþykki Voru: